

**Kennari:**  
Lísa Mjöll Ægisdóttir  
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir  
Hrönn Guðmundsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
2 kennslustundir

**Bekkur:**  
3. bekkur

### Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

### Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið í 3. bekk <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Hlustun Lestur Talað mál Ritun	Yes We can 3 Orðasúpur gamestolea rnenglish.c om Ipad mms.is	<ul style="list-style-type: none"><li>- skilur og tileinkar sér ný æfingaorð</li><li>- þekkir og getur notað einföld sagnorð.</li><li>- þekkir og getur notað orð yfir klæðnað.</li><li>- þekkir og getur notað orð yfir húsgögn og leikföng.</li><li>- þekkir og getur notað orð sem tengjast mat og drykk.</li><li>- þekkir og getur notað orð yfir líkamshluta.</li><li>- þekkir og getur notað orð sem tengjast veðurfari.</li><li>- notað tölur frá 1-20.</li><li>- kann nöfnin á vikudögum.</li><li>- kann nöfnin á árstíðum.</li><li>- kann nöfnin á mánuðunum.</li><li>- Kann heiti helstu tilfinninga.</li></ul>	Vinnubók Hlustun Leikir Söngur Áhorf af neti Verkefnablöð

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- þekkir algeng dýraheiti</li> <li>- getur fundið orð sem ríma.</li> <li>- getur lesið og svarað spurningum um eigið áhugarefni.</li> <li>- skilur forsetningarnar „on“ og „under“.</li> <li>- Skilur orðasamböndin „This is my...“, „She likes...“ og „He likes...“</li> <li>- skilur oraðasamböndin „I am“/ „He is“/ „She is“/ „It is“.</li> <li>- skilur orðasambandið „I can“/ „He can“/ „she can“.</li> <li>- getur notað orðasambandið „I would like...“.</li> <li>- skilur orðasamböndin „Can I have... please?“ og „Thank you“.</li> <li>- þekkir og getur notað greininn „the“.</li> <li>- getur flutt einfalda vísu á ensku.</li> <li>- getur sagt frá því sem er inn í herbergi.</li> <li>- getur tjáð sig um einfalda sögu.</li> <li>- geta rætt um það á einfaldan hátt um hvað þau eru að gera.</li> <li>- Getur tekið þátt í samtölum um jólahefðir.</li> </ul>	
<p><b>Námsmat:</b></p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum.</p>		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága